

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. desember 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmssdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Hvömmum v/leikskólans Smáralundar í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 21. september 1999 óverulega breytingu á deiliskipulagi í Hvömmum sem staðfest var 31. október 1990.

Breytingin felst í færslu á aðkomu og stækkun byggingareits.

Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 8. desember 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 151/1999, um álagningu spilliefnagjalds.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, k, sem hljóðar svo:

k. Kvikasilfur.

Um gjaldtöku og flokkun á kvikasilfri eftir tollskrárnúmerum gildir eftirfarandi:

Úr 28. og 30. kafla tollskrárinnar:

2805-4000 - kvikasilfur 900 kr/kg

3006-4002 -- Silfuramalgam til tannfyllinga 900 kr/kg

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 1. janúar 2000 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar.

Umhverfisstofnun, 10. desember 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.